

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins – Aðalstræti 4.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. febrúar 2013 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Aðalstræti 4.

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 4 við Aðalstræti er heimilt að vera með 4 íbúðir. Jafnmörg bílastæði verða innan lóðarinnar.

*Breyting á deiliskipulagi Giljahverfis – Urðargil 22.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. febrúar 2013 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Urðargil 22.

Breytingin felur í sér að lóð nr. 22 við Urðargil stækkar til vesturs.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 6. febrúar 2013,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.